

# Stjórnarfundur Þekkingarseturs Suðurnesja

## Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 25. október 2012 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Gunnar Þór Hallgrímsson, fulltrúi Náttúrustofu Reykjaness  
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja  
Karl Sölvi Guðmundsson, fulltrúi Keilis  
Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður  
Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS

Stjórnarformaður setti fundinn og bauð Þorvald Örn velkominn á sinn fyrsta stjórnarfund.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Undirritun samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið

Ráðuneytið óskaði eftir undirritaðri viljayfirlýsingu um samstarf Þekkingarsetursins við menntastofnanir á Suðurnesjum, í tengslum við samninginn, og var hún kynnt af forstöðumanni.

Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Þekkingarsetur Suðurnesja verður undirritaður miðvikudaginn 21. nóvember kl. 10:30. Forstöðumaður kynnti drög að dagskrá þar sem gert er ráð fyrir stuttum ávörpum stjórnarformanns, forstöðumanns og mennta- og menningarmálaráðherra áður en samningurinn er undirritaður. Að því loknu verður boðið upp á súpu og brauð frá Vitanum. Gert er ráð fyrir rúmlega 80 gestum ef allir mæta og kostnaður yrði þá í kringum 150.000 kr.

Afgreiðsla málsins: Skipulagið var samþykkt en lagt til að tónlistarflutningi yrði bætt við, á meðan gestir koma í salinn og svo á meðan hádegisverði stendur. Forstöðumaður mun kanna hvort að Smári og Fríða í Klassart séu laus.

#### 2. Möguleg stofnaðild Þekkingarsetursins að RERC

Stofnfundur Kennslu- og rannsóknamiðstöðvar Reykjaness (Reykjanes Education and research center - RERC) verður haldinn föstudaginn 26. október. Fyrr í mánuðinum barst tölvupóstur til forstöðumanns frá Hjálmari Árnasyni þar sem hann kannaði möguleika á því að Þekkingarsetrið yrði stofnaðili að miðstöðinni. Erindið var sent til stjórnarformanns sem ákvað að það skyldi lagt fyrir stjórnina á stjórnarfund. Möguleg stofnaðild var rædd og ýmis sjónarmið komu fram, bæði að það gæti verið styrkur fyrir Þekkingarsetrið að vera stofnaðili

en einnig að það sé mögulega ekki tímabært núna í ljósi þess að setrið hefur aðeins verið starfandi í stuttan tíma.

Afgreiðsla málsins: Ákveðið var að fresta því að taka afstöðu til stofnaðildar þar til frekari upplýsingar fengjust, meðal annars um starfsemi RERC. Stjórnarformaður hefur samband við Hjálmar fyrir stofnfundinn föstudaginn 26. október og kynnir honum niðurstöðuna.

### 3. Húsnæðismál

Stjórnarformaður kynnti tillögur Sandgerðisbæjar varðandi húseignina að Garðvegi 1 sem er í eigu bæjarins. Lagt er til að húsið verði selt Þekkingarsetri Suðurnesja á 108 milljónir með skuldabréfi til 30 ára. Sandgerðisbær mun styrkja setrið árlega um því sem nemur afborgunum af láninu og fasteignagjöldum auk þriggja milljóna til viðbótar sem ætlaðar eru í rekstur sýninganna. Andvirði fasteignagjalda er ætlað í viðhald. Sandgerðisbær óskar eftir að gerður verði samstarfssamningur varðandi rekstur sýninganna en bent var á að Þekkingarsetrið þarf engu að síður að hafa ákveðið svigrúm varðandi þær. Bæjarráð Sandgerðisbæjar hefur samþykkt þessa tillögu.

Forstöðumaður sýndi samanburð á kostnaði fyrir Þekkingarsetrið, Náttúrustofu Reykjaness og Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum ef þessi leið verður farin á móti því að leigja húsnæðið. Mun hagkvæmara er að fara þá leið að kaupa húsið.

Afgreiðsla málsins: Stjórn samþykkti kaupin samhljóða og þakkar Sandgerðisbæ mikla velvild í garð Þekkingarsetursins.

### 4. Fjárhagsáætlun og verkefnisáætlun

Forstöðumaður kynnti drög að rekstraráætlun næsta árs. Þar er miðað við að Náttúrustofa Reykjaness og Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum taki þátt í sameiginlegum rekstri hússins og greiði í viðhaldssjóð, alls 130.000 kr. á mánuði hvor stofnun fyrir sig. Rætt var um möguleika Rannsóknasetursins á því að fá fjárframlag til rekstursins. Í rekstraráætlun er ekki gert ráð fyrir sumarafleysingum og rætt var um möguleika á styrkjum fyrir þeim kostnaðarlið. Þá var rætt um ýmsar endurbætur sem nausynlegar eru í sýningarsölum og á munum.

### 5. Önnur mál

#### a) Leiga Botndýrastöðvarinnar

Forstöðumaður velti því upp hvort að Botndýrastöðin ætti ekki að greiða leigu fyrir afnot af húsnæði líkt og Náttúrustofa og Rannsóknasetrið og var það rætt og samþykkt. Haft verður samband við stjórn Botndýrastöðvarinnar varðandi þetta.

#### b) Forstöðumaður spurði hvenær gengið yrði frá bókhaldi Þekkingarsetursins hjá Sandgerðisbæ og sagði bæjarstjóri það verða fljótlega.

Önnur mál voru ekki fleiri. Fundi var slitið kl. 17:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Sigrún Árnadóttir - SIGN

---

Gunnar Þór Hallgrímsson - SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

---

Karl Sölvi Guðmundsson - SIGN

---

Þorvaldur Örn Árnason - SIGN